RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðrún Björk Bjarnadóttir
Kt. 1409723129
Dags. 26.10.2026 09:53:54 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

DIGITAL SIGNATURE Dags. 27.10.2026 10:27:23 UTC+0:00
Arnar Þór Sævarsson
Arnar Þór Sævarsson
Reason: Signature

**Rammasamningur um samninga STEFs og SFH við sveitarfélög innan Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna opinbers tónflutnings á vegum sveitarfélaga**

STEF, kt. 620269-5739, Laufásvegi 40, 101 Reykjavík, og Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, (SFH), kt. 620976-0169, Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi, annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga, kt. 550269-4739, Borgartúni 30, 105 Reykjavík (hér eftir nefnt ”Sambandið”) hins vegar gera með sér samning þennan.

STEF kemur fram fyrir hönd SFH varðandi leyfi og framkvæmd samnings þessa. Til einföldunar verður STEF og SFH nefnd sameiginlega í þessum samningi STEF.

Tilgangur þessa rammasamnings er að einfalda framkvæmd á innheimtu höfundaréttargjalda vegna opinbers tónflutnings sveitafélaga og auka gegnsæi og skýrleika um hvernig slík innheimta og verðlagning er háttuð, til hagsbóta fyrir alla aðila.

**Inngangsorð**

Á vettvangi sveitarfélaga fer fram ýmiskonar opinber tónflutningur ár hvert og er tónlistin samofin flestum menningarviðburðum, hátíðum og almennum rekstri sveitarfélaga í gegnum ýmsar stofnanir þeirra um land allt. Getur slíkur tónflutningur verið jafnt lifandi fluttur sem og af hljóðritum.

STEF og Sambandið vilja með samningi þessum búa til fyrirmynd að samningi við einstök sveitarfélög um opinberan tónflutning á vegum þeirra, þar sem höfð er annars vegar hliðsjón af sanngjarnri greiðslu til höfunda, flytjenda og hljómplötuframleiðenda og hins vegar af því að einfalda alla stjórnsýslu varðandi leyfismál sveitarfélaga hvað varðar tónflutning í einstökum stofnunum eða viðburðum á vegum sveitarfélaga. Um leið er tekið tillit til þess að slíkur tónflutningur getur verið misjafn frá einu sveitarfélagi til annars.

Eins og fram kemur í heiti samnings þessa er um að ræða rammasamning sem skuldbindur ekki einstök sveitarfélög, heldur eru aðilar sammála um að hann skuli þjóna því markmiði að vera viðmið í samningum samtakanna við einstök sveitarfélög og auðvelda samningsgerðina með því að einstakir samningar munu vísa til rammasamningsins um helstu atriði. Hverju og einu sveitarfélagi er því eftir sem áður heimilt að gera sína eigin samninga við STEF. Einstök ákvæði þessa rammasamnings geta því ekki orðið bindandi fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig nema til staðar sér sérstakur samningur milli STEFs og þess sveitarfélags þar sem vísað er til þessa rammasamnings.

Skal Sambandið leggja sitt af mörkum við að kynna efni rammasamningsins fyrir einstökum sveitarfélögum. Ákvörðun um undirritun samnings verður í höndum hvers sveitarfélags fyrir sig...

## 1. gr.

### Heimild til tónflutnings

STEF veitir sveitarfélögum heimild fyrir að flytja tónlist verndaða af höfundarétti, sem STEF hefur umboð fyrir, bæði lifandi og af hljóðritum í húsakynnum og opinberum rýmum þeirra sem þessir aðilar reka sína starfsemi eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum.

Einnig veitir STEF sveitarfélögum heimild fyrir opinberum tónflutningi sem bæði er flutt lifandi og af hljóðritum, á viðburðum er sveitarfélögin standa sjálf fyrir án aðgangsgjalda s.s. á bæjarhátíðum sem skipulögð eru af sveitarfélögum og fara fram á lóðum eða fasteignum sem eru í eigu og á vegum sveitarfélaga.

Með opinberlegum tónflutningi er bæði átt við lifandi tónlist, bakgrunnstónlist í þeim rýmum sem almenningur hefur aðgang að á vegum sveitarfélags, hvort sem það er í húsnæði sveitarfélaganna eða stofnana þeirra eða annarsstaðar og er hluti af daglegri starfsemi á vegum sveitarfélags sbr. til dæmis upptalning í Fylgiskjali 1 við samning þennan, svo og forgrunnstónlist, hvort sem hún er lifandi tónlist eða af hljóðritum og sem flutt er án sérstaks aðgangsgjalds.

Þá fellur einnig undir samning þennan tónflutningur á biðtónlist í síma og vefsvörun hjá sveitarfélögum og einstökum stofnunum þeirra.

Nánari upptalning á þeim stofnunum sem falla undir samning þennan, er að finna í fylgiskjali I við samninginn (og telst fylgiskjalið hluti samningsins).

## 2. gr.

### Takmörkun á efni samningsins

Tónflutningur sem ekki er á ábyrgð og á vegum sveitarfélags fellur utan samnings þessa, jafnvel þótt sveitarfélagið styrki viðkomandi viðburði að einhverju leyti eða viðburðurinn eða starfsemin fari fram í aðstöðu eða húsnæði sveitarfélagsins, svo sem þegar slík aðstaða er lánuð eða leigð til samkomuhalds eða námskeiðahalds. Ef slíkir aðilar hafa ekki svarað ítrekuðum erindum STEF eða ef útilokað er að afla opinberlega upplýsinga um fyrirsvarsmenn slíkra viðburða mun sveitarfélag leitast við að liðsinna STEF við að afla upplýsinga um þá sem stóðu að viðburði enda sé slíkt unnt eftir opinberum leiðum og feli ekki í sér brot á samningsskyldum sveitarfélags.

Fái sveitarfélag verktaka (þriðja aðila) til að halda viðburði eins og bæjarhátíð í nafni sveitarfélagsins, fellur slíkur viðburður undir samning þennan.

Komi upp markartilvik þar sem aðilar eru ekki á sama máli um hvort atburður falli undir samninginn skuldbinda aðilar sig til að ræða saman og reyna að ná samkomulagi vegna þeirra.

Tónleikar, dansleikir eða aðrar samkomur á vegum sveitarfélagsins sem selt er inná og sem auglýstar eru opinberlega þar sem tónflutningur er í forgrunni, hvort sem slíkt fer fram utan dyra eða innan, falla utan samnings þessa. Greiðsla fyrir slíkt skal innt af hendi í samræmi við gildandi verðskrá STEFs á hverjum tíma.

Nánari skýringar á takmörkunum sem falla undir samning þennan, er að finna í fylgiskjali I við samninginn. (og telst fylgiskjalið hluti samningsins).

**3. gr.**

**Tónflutningur í fræðslustarfsemi**

Samkvæmt núgildandi höfundalögum er tónflutningur í fræðslustarfsemi heimill án sérstaks leyfis höfundar að því gefnu að flytjanda sé ekki greitt sérstaklega fyrir flutninginn sbr. 1. og 4. tl. 1. mgr. 21. höfundalaga. Undanþága þessi nær þó ekki til kvikmyndaverka. Þetta þýðir að ekki þarf sérstakt leyfi fyrir tónflutningi (fyrir utan tónlist í kvikmyndum) sem á sér stað í fræðslustarfsemi á vegum skóla og er hluti af kennslunni sem þar fer fram (að óbreyttum lögum).

Með fræðslustarfsemi í samningi þessum er átt við almenna fræðslustarfsemi skóla sem og tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélagi.

Tónflutningur á vegum skóla sem ekki fellur undir fræðslustarfsemi, tónflutningur nemendafélaga, á samkomum á vegum skóla í frístundaheimilum, á vegum skólahljómsveita, á árshátíðum skóla, skólaböllum, uppsetningum sviðsverka með tónlist svo og tónflutningur í almennum rýmum skólahúsnæðis, sem ekki fellur innan ofangreindrar undanþágu er því hluti af samningi þessum eins og nánar er tilgreint í fylgiskjali samningsins. Ekki skiptir máli hvort selt er inn á ofangreinda viðburði eða ekki.

Á meðan ekki er í gildi sérstakur samningur við opinbera aðila um greiðslu fyrir flutning kvikmyndaverka í fræðslustarfi gildir samningur þessi um flutning tónlistar í kvikmyndaverkum sem sýnd eru sem hluti af fræðslustarfsemi svo og kvikmyndaverkum sem sýnd eru af hálfu frístundaheimila svo og nemendafélaga eða á öðrum stofnunum sveitarfélaga. Verði slíkur samningur gerður mun STEF endurskoða verð samnings þessa til lækkunar.

Til upplýsingar skal þess getið að STEF fer almennt ekki með umboð fyrir uppsetningu sviðsverka með tónlist nema um sé að ræða áður útgefna tónlist úr ýmsum áttum. Þetta þýðir að STEF getur ekki veitt heimild fyrir uppsetningu sviðsverka sem byggjast á þekktum söngleikjum eða kvikmyndaverkum eða vísa til tiltekins tónlistarfólks og þarf viðkomandi skóla ávallt að leita sér heimildar fyrir slíku beint hjá rétthöfum. Nánari upplýsingar um umboð STEFs vegna „stórréttinda“ má finna á heimasíðu STEFs.

**4. gr.**

**Fyrirkomulag innheimtu gagnvart einstökum sveitarfélögum**

STEF gerir samninga við einstök sveitarfélög um tónflutning á þeirra vegum. Form fyrir slíka samningsgerð er í fylgiskjali 2 við samning þennan. Samkvæmt samstarfssamningi STEFs og SFH innheimta fyrrnefndu samtökin fyrir hin síðarnefndu. Skal leyfisgjaldið greitt árlega samkvæmt útsendum greiðsluseðlum, eigi síðar en í júní fyrir yfirstandandi ár. Gjalddagi og eindagi greiðsluseðla skal vera 30 dögum eftir útgáfu þeirra. Sé greiðsla ekki innt á eindaga er STEFi heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim tíma og þar til greiðsla hefur verið innt af hendi.

**5. gr.**

**Leyfisgjald**

Fyrir þá heimild, sem um ræðir í 1. grein greiðir sveitarfélag leyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu (ath að skipting sveitarfélaga í þessa flokka getur verið úrelt):

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sveitarfélag með færri en 400 íbúa | 53 kr. á íbúa |
| 2. | Sveitarfélag með 400-1000 íbúa | 65 kr. á íbúa |
| 3. | Sveitarfélag með 1000-2000 íbúa | 72 kr. á íbúa |
| 4. | Sveitarfélag með 2000-3000 íbúa | 79 kr. á íbúa |
| 5. | Sveitarfélag með 3000-6000 íbúa | 84 kr. á íbúa |
| 6. | Sveitarfélag með 6000-10.000 íbúa | 86 kr. á íbúa |
| 7. | Sveitarfélag með 10.000-15.000 íbúa | 88 kr. á íbúa |
| 8. | Sveitarfélag með 15.000-20.000 íbúa | 90 kr. á íbúa |
| 9. | Sveitarfélag með 20.000-100.000 íbúa | 95 kr. á íbúa |
| 10. | Sveitarfélag með fleiri en 100.000 | 103 kr. á íbúa |

Forsenda ofangreindrar flokkunar er að líkur standa til þess að tónflutningur eykst með vaxandi fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi og að mjög lítil starfsemi er notar tónlist er í minnstu sveitarfélögum landsins. Til einföldunar tekur verðið þannig ekki mið af því hvaða stofnanir nákvæmlega og hversu mikill tónflutningur er í hverju og einu sveitarfélagi.

Lágmarksgjald á hvert sveitarfélag er kr. 21.000, burtséð frá ofangreindri flokkun.

Skal leyfisgjald greitt árlega af samkvæmt útsendum greiðsluseðlum, eigi síðar en í júní fyrir yfirstandandi ár.

Fjárhæð leyfisgjalds miðast við fjölda íbúa í sveitarfélaginu í árslok undangengins árs og breytist þriðja hvert ár í samræmi við breytingar á fjölda íbúa skv. upplýsingum Hagstofu Íslands. Fjárhæðin tekur auk þess mið af breytingu á ***neysluvísitölu*** fyrir janúarmánuð ár hvert. Grunnvísitala samningsins er vísitala janúarmánaðar 2026, 668,3.

Leyfisgjöldin taka mið af því að hluti af þeim verkum sem flutt eru opinberlega á vegum sveitarfélaga eru þjóðlög eða verk sem ekki lengur njóta höfundaréttarverndar svo og að einhver eldri hljóðrit njóta ekki lengur verndar sem slík samkvæmt höfundalögum.

**6. gr.**

**Upplýsingar um flutt verk**

Almennt gerir STEF ekki kröfu um að sveitarfélög skili inn upplýsingum um flutt verk til STEFs nema í þeim tilvikum þar sem um er að ræða tónflutning á sviði með aðkeyptum flytjendum á tónleikum,

bæjarhátíðum og sambærilegum viðburðum. Sveitarfélögum er þó í frjálst val sett að skila inn frekari upplýsingum til STEFs. Skal upplýsingum skilað þá á netfangið sala@stef.is en upplýsingum um tónflutning á tónleikum og sambærilegum viðburðum skal skilað inn í rafræna gátt á heimasíðu STEFs www.stef.is

**7. gr.**

**Uppsögn**

Samningur þessi gildir frá undirritunardegi til gildir til 31. desember 2027 en framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, sé honum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðila með þriggja mánaða fyrirvara miðað við áramót.

20. október 2026

f.h STEFs og SFH

_____

Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj.

f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

_____

Arnar Þór Sævarsson, framkv.stj.

**Fylgiskjal nr.1.**
**Fylgiskjal þetta telst hluti af samningnum**

**Í fylgiskjali þessu koma fram nánari skýringar á heimild sveitarfélaga til tónflutnings og hvaða takmarkanir eru á þeirri heimild.**

Samningurinn gildir meðal annars um tónflutning í öllum neðangreindum stofnunum sveitarfélaga. Hér undir fellur almennur tónflutningur fyrir þá sem njóta daglegrar þjónustu í þessum starfsstöðvum bæjarins, en ekki um að ræða tæmandi upptalningu:

**Félagsmiðstöðvar, íþróttamannvirki, skólar og aðrar stofnanir**

- ✓ Bæjarskrifstofum
- ✓ Íþróttamiðstöðvum
- ✓ Sundlaugum
- ✓ Leikskólum
- ✓ Grunnskólum,
- ✓ Tónlistarskólum
- ✓ Félagsmiðstöðvar eldri borgara
- ✓ Félagsmiðstöðvar
- ✓ Frístundaheimili
- ✓ Hjúkrunarheimilum og heilsugæslu, er sveitarfélagið rekur
- ✓ Sambýlum og dagsvistun fatlaðra, endurhæfingarstofnunum dægradvöl og ungmennaúrræðum, er sveitarfélagið rekur
- ✓ Torgum og opnum svæðum þar sem sveitarfélag spilar tónlist (til dæmis jólatónlist)
- ✓ Tjaldsvæðum í rekstri sveitarfélaga
- ✓ Íþróttavöllum og útivistarsvæðum þar sem tónlist er notuð við viðburði á vegum sveitarfélagsins.
- ✓ Biðstöðum og samgöngumiðstöðum í rekstri sveitarfélags tengdum samgöngum- og ferðaþjónustu
- ✓

**Menningarstofnanir**
Samningurinn lýtur að heimild til tónflutnings og bakgrunnstónlistar á eftirfarandi menningar-og fræðslustofnunum, en ekki er um ræða tæmandi upptalningu:

- ✓ Félagsheimili
- ✓ Menningarhús
- ✓ Bókasöfn
- ✓ Listasöfn
- ✓ Fræðslusetrum

**Bæjarhátíðir og aðrir sambærilegir viðburðir**
Samningurinn lýtur að heimild til tónflutnings og bakgrunnstónlistar á eftirfarandi viðburðum á vegum sveitarfélaga og undirstofnunum þeirra, en ekki er um ræða tæmandi upptalningu:

- ✓ Bæjarhátíðir
- ✓ Jólahátíðir
- ✓ Þrettándahátíð
- ✓ Sumardagurinn fyrsti
- ✓ Verkalýðsdagurinn
- ✓ Sjómannadagurinn
- ✓ Þjóðhátíðardagurinn (17. Júní)
- ✓ Menningarhátíðir
- ✓ Kröfu- og samstöðugöngur sem sveitarfélag veitir heimild fyrir.

**Viðburðir sem standa fyrir utan samninginn**
Þeir viðburðir sem fara fram í aðstöðu eða mannvirkjum sveitarfélagsins, óháð því hvort þeir séu á vegum sveitarfélags eða annarra aðila og selt er sérstaklega inn á, falla utan samningsins. Í dæmaskyni má nefna eftirfarandi viðburði:

- ✓ Árshátíðir
- ✓ Þorrablót
- ✓ Jólaböll
- ✓ Jólahlaðborð
- ✓ Dansleikir
- ✓ Tónleikar
- ✓ Sviðsverk
- ✓ Aðrir sambærilegar viðburðir

**Íþróttaviðburðir sem standa fyrir utan samninginn**
Þeir íþróttaviðburðir sem fara fram í aðstöðu eða mannvirkjum sem annað hvort sveitarfélagið á eða rekur og falla ekki undir almennan tónflutning samkvæmt samningnum eru eftirfarandi:

- ✓ Íþróttaviðburðir / Íþróttaleikir / íþróttamót sem er á vegum sambandsaðila Íþrótta-og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ).
- ✓ Íþróttaviðburðir/ íþróttaleikir / íþróttamót sem haldin eru af íþróttafélögum eða Íþróttasamböndum en sem dæmi má nefna:

  - N1 knattspyrnumótið
  - Orkumótið í Vestmannaeyjum
  - Norðurálsmótið
  - Landsmót UMFÍ
  - Deildarkeppnir
  - Bikarmót

- ✓ Íþróttaviðburðir / Íþróttaleikir / íþróttamót sem er á vegum einkaaðila eða samtaka.

Íþróttasambönd og íþróttafélög eiga að vera með sérstaka samninga við STEF um tónflutning á þeirra vegum og sem ná yfir þessa viðburði.

**Fylgiskjal nr. 2**
**Fylgiskjal þetta telst hluti af samningnum**

**Hér á eftir fer samningsform það sem aðilar hafa komið sér saman um:**

**Samningur við STEF um greiðslu höfundaréttargjalda vegna tónflutnings sveitarfélagsins [x]**

STEF, kt. 620269-5739, Laufásvegi 40, 101 Reykjavík og SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), kt. 620976-0169, Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi, annars vegar og sveitarfélagið [x, kt. og heimilisfang] hér eftir nefnt sveitarfélagið, hins vegar, gera hér með sér svofelldan samning.

STEF kemur fram fyrir hönd SFH gagnvart sveitarfélaginu.

STEF veitir sveitarfélaginu heimild til tónflutnings eins og nánar er kveðið um í rammasamningi STEFs við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélagið er í leyfisgjaldaflokki X skv. verðskrá STEFs og skal inna af hendi leyfisgreiðslur til STEFs skv. útgefnum greiðsluseðlum.

Samningur þessi gildir frá undirritunardegi og er uppsegjanlegur af hvorum samningsaðila fyrir sig með þriggja mánaða fyrirvara.

Falli samningur þessi úr gildi er sveitarfélaginu óheimil allur tónflutningur frá og með þeim tíma. Getur STEF fengið lagt lögbann, sé þörf á, til að framfylgja þessu ákvæði.

Sérákvæði vegna sveitarfélagsins [x] ef við á:

[Staður og dagsetning]

f.h STEFs og SFH

_____

f.h. sveitarfélagsins [x]

_____